

Mál nr. 536/2012

M
og
vátryggingafélagið X v/ lausafjártryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á lausafé (verkfærum) úr bifreið.

Gögn.

29. Málskot, móttækið .2012, ásamt fylgigögnum.
30. Bréf X, dags .2012.

Málsatvik.

Snemma að morgni 7.3.2012 kom A á lögreglustöð til að tilkynna um þjófnað á bifreiðinni B í eigu M, þar sem hún hafi staðið fyrir utan heimili hans. Hann hafi skilið kveikjulaslykla eftir í kveikjulasnum í bifreiðinni og hún hafi verið ólæst. Þá kvað A að rafmagnsverkfæri hafi verið í bifreiðinni.

Daginn eftir fannst B en öll verkfæri voru horfin úr henni. Með tölvuskeyti til lögreglu 24.5.2012 kvað A það ekki rétt að kveikjulaslyklar hafi verið í B þegar henni var stolið. Þess í stað hafi þeir verið inni í íbúð hans.

M hefur krafist bóta vegna þjófnaðar á verkfærunum úr B úr lausafjártryggingu hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til brots á varúðarskyldu.

Álit.

Engin haldbær skýring hefur komið fram á þeirri frásögn A að kveikjulaslyklar að B hafi verið í íbúð hans þegar B var stolið en ekki í kveikjulasnum og B verði ólæst þegar henni var stolið eins og hann skýrði frá í upphafi hjá lögreglu. Eins og málið liggur fyrir verður ekki hjá því komist að miða við upphaflega frásögn A um að lyklarnir hafi verið í kveikjulasnum B og hún verið ólæst þegar henni var stolið og um leið þeim verkfærum sem í henni voru.

Ekki virðist vera um það deilt að innbrotspjófnaðartrygging sú sem M hefur hjá X tekur til umrædds þjófnaðar á verkfærum úr B. Í skilmálum innbrotspjófnaðartryggingarinnar, 5. gr., er kveðið á um þá varúðarreglu að dyr og aðrir inngangar skulu vera tryggilega læstir og gluggar lokaðir og kræktir aftur þegar geymslustaður er mannlaus. Ljóst er samkvæmt því sem áður greinir að B var ólæst og mannlaus þegar henni var stolið ásamt þeim verkfærum sem í henni voru. Með því var af hálfu M brotin varúðarregla 5. gr. skilmálanna og verður þjófnaðurinn rakinn til þessa. Telst sökin það veruleg að M á ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr lausafjártryggingu hjá X.

Reykjavík, 15. janúar 2013.

Rúnar Guðmundsson hdl.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.